



Akraneskaupstaður

Bæjarstjórn - 1312

FUNDARBOÐ

**1312. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18,
28. apríl 2020 og hefst kl. 17:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2004032 - Ársreikningur 2019 - ábyrgðar- og skuldbindingaryfirlit

Óskað er eftir staðfestingu bæjarstjórnar Akraness á ábyrgðar- og skuldbindingaryfirlit í sundurliðunarbók ársreiknings Akraneskaupstaðar vegna ársins 2019.

2. 2004036 - Ársreikningur Akraneskaupstaðar 2019 - A hluti

Ársreikningur Akraneskaupstaðar 2019 - A hluti

1.1 Aðalsjóður

1.2 Eignasjóður

1.3 Byggðasafnið í Görðum

1.4 Fasteignafélag Akraneskaupstaðar

Rekstrarniðurstaða A-hluta, fyrir óreglulega liði, er jákvæð um 623,1 m.kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir um 243,8 m.kr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu.

Rekstrarniðurstaða A-hluta með óreglulegum liðum er jákvæð um 657,6 m.kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir um 367,3 m.kr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu.

Lykiltölur:

Fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga:

Rekstrarjöfnuður síðustu þriggja ára í mkr. er 1.718 en nam 1.183 m.kr árið 2018.

Skuldaviðmið er 23% en var 26% árið 2018.

EBITDA framlegð er 8,38% en var 11,7% árið 2018.

Veltufé frá rekstri er 16,84% en var 21,4% árið 2018.

Skuldahlutfall (skuldir/rekstrartekjum) er 89% en var 92% árið 2018.

Eiginfjárhlutfall er 57% en var 55% árið 2018.

Veltufjárhlutfall er 2,33 en var 2,75 árið 2018.

Bæjarráð staðfesti ársreikninga Aðalsjóðs og Eignasjóðs með undirritun sinni og leggur til við bæjarstjórn Akraness að ársreikningar Aðalsjóðs, Eignasjóðs, Byggðasafnsins í Görðum og Fasteignafélags Akraneskaupstaðar slf. verði samþykktir.

3. 2004035 - Ársreikningur Akraneskaupstaðar 2019 - B-hluti

- Ársreikningur Akraneskaupstaðar - B hluti
2.1. Fasteignafélag Akraneskaupstaðar ehf.
2.2. Gáma
2.3. Háhiti ehf.
2.4 Höfði hjúkrunar- og dvalarheimili

Rekstrarniðurstaða B-hluta var neikvæð um 1,9 m.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir um 12,9 m.kr. neikvæðri rekstrarniðurstöðu.

Bæjarráð staðfesti ársreikning Gámu með undirritun sinni og leggur til við bæjarstjórn Akraness að ársreikningar Fasteignafélagsins ehf., Gámu, Háhita ehf. og Höfða hjúkrunar og dvalarheimilis verði samþykktir.

4. 2004034 - Ársreikningur Akraneskaupstaðar 2019 - samstæða

Samstæðureikningur Akraneskaupstaðar 2019.

Rekstrarniðurstaða Akraneskaupstaðar, fyrir óreglulega liði, var jákvæð um 621,2 m.kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir um 231,0 m.kr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu.

Rekstrarniðurstaða Akraneskaupstaðar með óreglulegum liðum var jákvæð um 655,6 m.kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir um 354,4 m.kr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu.

Lykiltölur:

Fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga:

Rekstrarjöfnuður síðustu þriggja ára í m.kr. er 1.721 en nam 2.081 m.kr. árið 2018.

Skuldaviðmið er 23% en var 26% árið 2018.

EBITDA framlegð er 7,83% en var 10,80% árið 2018.

Veltufé frá rekstri er 15,27% en var 19,49% árið 2018.

Skuldahlutfall (skuldir/rekstrartekjum) er 84% en var 87% árið 2018.

Eiginfjárlutfall er 55% en var 53% árið 2018.

Veltufjárlutfall er 2,19 en var 2,52 en árið 2018.

Bæjarráð staðfesti samstæðuársreikning Akraneskaupstaðar með undirritun og leggur til við bæjarstjórn Akraness að reikningurinn og ábyrgðar- og skuldbindingayfirlit vegna ársins 2019 verði samþykkt.

5. 2003133 - Aðgerðir Akraneskaupstaðar vegna Covid-19

Bæjarráð samþykkir eftirfarandi ráðstafanir til viðspyrnu vegna Covid-19 faraldursins.

1. Aukið fjármagn í sjóð tómsunda- og íþróttafélaga til að halda uppi öflugu félags-, tómsunda og íþróttastarfi fyrir börn og unglinga. Samtals kr. 4.500.000 sem skal ráðstafa á deild 06750-5948.

2. Fjármagn til heilsueflingar íbúa Akraness 18 ára og eldri (kr. 5.000 hreyfiseðill á hvern íbúa). Samtals kr. 15.000.0000 sem skal ráðstafað á deild 06700-5948.

3. Aukið fjármagn til viðburðarhalds í menningarmálum. Samtals kr. 3.000.000 sem skal ráðstafað á deild 05770-4950.

4. Aukið fjármagn í styrktarsjóð menningarmála. Samtals kr. 1.500.000 sem skal ráðstafað á deild 05890-5948.

5. Fjármagn til sérstaks markaðsátaks á Akranesi. Samtals kr. 4.000.000 sem skal ráðstafað á deild 13020-5948.

6. Fjármagn til nýsköpunar og tækni í innleiðingu rafrænnar þjónustu hjá Akraneskaupstað og opnað fyrir aðkomu frumkvöðla til nýsköpunar. Samtals kr. 10.000.000 sem skal ráðstafað á deild 13020-4390.

Bæjarráð samþykkti viðauka nr. 9 við fjárhagsáætlun ársins 2020 að upphæð samtals kr. 38.000.000. Kostnaðarauka verður mætt með lækkun á áætluðum rekstrarafgangi.

Bæjarráð vísar viðaukanum til staðfestingar í bæjarstjórn Akraness.

6. 2004027 - Viðhald fasteigna

Bæjarráð samþykkti viðauka nr. 10 að fjárhæð kr. 54.000.000 vegna aukinna viðhaldsframkvæmda á árinu 2020 sem skal ráðstafað á inn á 31830-4620. Kostnaðarauka verður mætt með lækkun á áætluðum rekstrarafgangi.

Bæjarráð vísaði viðaukanum til staðfestingar í bæjarstjórn Akraness.

7. 2004026 - Faxabraut Akranesvegur 509 - framkvæmdaleyfi

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að framkvæmdaleyfi verði veitt fyrir að endurgera 800m kafla Faxabrautar. Framkvæmdin felur í sér gerð grjótnar meðfram Faxabraut, endurbyggingu á núverandi vegi og lagnavinnu.

Fundargerðir til kynningar

8. 2001002 - Fundargerðir 2020 - Bæjarráð

3411. fundargerð bæjarráðs frá 14. apríl 2020.

3412. fundargerð bæjarráðs frá 16. apríl 2020.

3413. fundargerð bæjarráðs frá 22. apríl 2020.

9. 2001005 - Fundargerðir 2020 - Skipulags- og umhverfisráð

151. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs 20. apríl 2020.

10. 2001004 - Fundargerðir 2020 - Skóla- og frístundaráð

128. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 21. apríl 2020.

11. 2001014 - Fundargerðir 2020 - Faxaflóahafna

191. fundargerð stjórnar Faxaflóahafna frá 17. apríl 2020.

12. 2001003 - Fundargerðir 2020 - Velferðar- og mannréttindaráð

125. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 22. apríl 2020.

Sævar Freyr Práinsson, bæjarstjóri.